

AÐ KLÆÐAST HLÍFÐARBÚNAÐI

Einangrun sjúklings með grun um eða staðfestan COVID-19

Verið í vinnufötum sem Landspítali leggur til / Takið hárið saman / Berið ekkert skart / Tæmið vasa
Hlífðarbúnaði er klæðst fyrir framan fordyri og æskilegt er að aðstoðarmaður staðfesti að hlífðarbúnaður sitji rétt



1 Sprittið hendur



2 Farið í hlífðarslopp
Festið sloppinn aftan á hálsi og á mittissvæði.



3 Klæðist skurðstofuhúfu
Húfan á að hylja hár og eyru.



4a Setjið upp finagnagrímu (FFP2 að lágmarki)
Opnið grímuna vel og komið henni haganlega fyrir.



4b Festið teygjurnar
Hafið efri teygjuna fyrir ofan eyru og þá neðri fyrir neðan.



4c Þéttið grímuna
Mótið málmklemmu að nefinu.



4d Prófið þéttleikann í hvert skipti sem finagnagríma er sett upp á eftirfarandi hátt:

Haldið með báðum höndum meðfram brúnum grímu.

Gríma án ventils: Andað af krafti frá sér. Ef loft lekur út framhjá grímu við nef þarf að þétta betur þar. Ef loftleki er með brúnum grímunnar þarf að laga teygjur.

Gríma með ventli: Andað af krafti að sér. Ef loft lekur út framhjá grímu við nef þarf að þétta betur þar. Ef loftleki er með brúnum grímunnar þarf að laga teygjur.

Ef gríman er ekki þétt á ekki að fara inn til sjúklings.



5 Setjið upp hlífðargleraugu /andlitshlíf
Fjarlægjið plastfilmu af fyrir notkun. Gætið þess að hlífðargleraugun/andlitshlífina liggi vel/þétt. Hlífðargleraugu veita hugsanlega betri vörn en andlitshlíf



6 Farið í hanska
Látið hanskana ná vel upp á stroffið á sloppnum.